

Stofnanasamningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Iðjuþjálfafélags Íslands

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) annars vegar og Iðjuþjálfafélag Íslands (ÍÞÍ) hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning samkvæmt ákvæðum kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Iðjuþjálfafélags Íslands.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsfólks í Iðjuþjálfafélagi Íslands í störfum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem gerð er krafa um starfsréttindi á heilbrigðissviði.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a) Að tryggja stofnuninni hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi.
- b) Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti án tillits til kynferðis eða annarra ómálefnalegra þátta.
- c) Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem tekur mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunar og hvetur til árangurs.
- d) Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi góðrar þekkingar innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

3. Grunnröðun starfa

3.1. Almennar forsendur

Við ákvörðun um grunnröðun starfs í launaflokk skulu metin þau verkefni og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni, það er kunnáttustigs og sérhæfingar sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsing er ein af þeim forsendum sem liggja til grundvallar röðunar og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs. Jafnframt skal þá endurmeta röðun starfsins. Forsendur starfaflokka byggja á skipuriti, eðli starfa og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi verksvið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Starf sem gerir kröfu um viðbótarnám skal fara samkvæmt gr. 11.3.3.1 í kjarasamningi félagsins.

Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd aðila taka afstöðu til breytinga á starfaflokkum og röðun starfa. Gæta skal samræmis þegar störfum á ólíkum einingum HH er raðað. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum iðjuþjálfum, svo jafnræði sé tryggt.

3.2 Starfaflokkar og röðun

Röðun í starfaflokka er lágmarksröðun og gert hefur verið ráð fyrir viðbótarnámi ofan á grunnháskólagráðu til starfsréttinda iðjuþjálfra.

Iðjuþjálfí 1**lfl. 10**

Iðjuþjálfí á fyrsta starfsári. Vinnur sjálfstætt án beinnar tilsagnar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna, Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og þróun starfs á sinni starfsstöð. Útbýr íhlutunaráætlanir, metur framvindu og árangur iðjuþjálfunar. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og sinnir fræðslu og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra. Hefur aðgengi að leiðsögn reyndari iðjuþjálfá innan stofnunar.

Iðjuþjálfí 2**lfl. 11.1**

Iðjuþjálfí sem hefur starfað 12 mánuði í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfseiningar, ber faglega ábyrgð á gæðum starfa sinna. Útbýr íhlutunaráætlanir, metur framvindu og árangur iðjuþjálfunar. Skipuleggur og veitir fræðslu og ráðgjöf til skjólstæðinga, aðstandenda og umhverfis/stuðningsaðila, leiðbeinir samstarfsfólki og nemum. Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi og sinnir málstjórn ef við á. Tekur þátt í skipulagningu og þróun starfs iðjuþjálfunar á starfsstöð.

Iðjuþjálfí 3**lfl. 13.1**

Reyndur iðjuþjálfí með a.m.k. 4 ára starfsreynslu á sínu fagsviði. Hefur umsjón með og skipuleggur eigin störf, ber faglega ábyrgð á gæðum starfa sinna. Sinnir málstjórn eins og við á. Tekur virkan þátt í þróun fags á starfsstöð og er þátttakandi í gæðastarfi. Tekur þátt í innleiðingu nýjunga á fagsviði í samvinnu við yfirmann. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða íhlutun. Heldur utan um og skipuleggur hópastarf, ef við á. Skipuleggur og veitir fræðslu til skjólstæðinga, aðstandenda og þjónustuaðila innan og utan stofnunar, leiðbeinir samstarfsfólki og nemum. Er leiðandi í þróun fagsins og þjónustu iðjuþjálfá sem veitt er, í samráði við yfirmann.

Iðjuþjálfí 4:**lfl. 14**

Starfið felur í sér umsjón og skipulagningu, samhæfingu og faglega ábyrgð á verkefnum innan heilsugæslunnar. Starfið krefst víðtækrar þekkingar á starfsemi starfseiningar, opinberrar stjórnarsýslu og/eða verkefnisstjórnunar. Í starfinu felst þróunarvinna varðandi þjónustu á starfssviði og samþætting við aðrar fagstéttir. Starfið getur falið í sér forsvor og samskipti við ráðuneyti og samstarfsstofnanir innanlands og utan. Að jafnaði er meistaraþráða skilyrði fyrir þessum störfum og þau auglýst sérstaklega.

Teymisstjóri í heimahjúkrun

Tekur þátt í og leiðir teymisvinnu endurhæfingarteymis. Ber ábyrgð á heildarþjónustu við skjólstæðinga á sviði endurhæfingar. Annast skipulag og samhæfingu innan endurhæfingarteymis í samráði við yfirmann. Hefur yfirsýn yfir mönnunar- og þjónustubörf endurhæfingarteymis. Ber ábyrgð á að framfylgja skilgreindum verkferlum og umbótastarfi sem lögð er áhersla á. Tekur þátt í samstarfsverkefnum, þróunarverkefnum og gæðastarfi innan stofnunar. Ber samábyrgð með öðrum teymum á heildarþjónustu heimahjúkrunar.

Teymisstjóri I í heimahjúkrun lfl . 16.2

Byrjandi í teymisstjórahlutverkinu

Teymisstjóri II í heimahjúkrun lfl . 17.2

Eftir a.m.k. 2 ár í teymisstjórahlutverkinu

Hefur náð góðri færni í hlutverkinu

Teymisstjóri III í heimahjúkrun lfl . 18.2

Eftir 6-8 ár í teymisstjórahlutverkinu

Hefur náð afburða færni í hlutverkinu

4. Persónubundnir þættir

4.1 Starfsreynsla þeirra sem eru í starfsheitum iðjuþjálfí 1-4 skal metin á láréttum ás.

- Iðjuþjálfí hækkar um 1 þrep eftir 3 ára starf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Iðjuþjálfí hækkar um 1 þrep eftir 5 ára starf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Iðjuþjálfí hækkar um 1 þrep eftir 7 ára starf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.

4.2 Viðbótarmenntun

Formleg viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og er til viðbótar við starfsréttindanáms iðjuþjálfí er metin á láréttum ás í launatöflu. Samkvæmt þessu ákvæði getur iðjuþjálfí hækkað um allt að 6 þrep.

- Iðjuþjálfí sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi, að lágmarki 60 ECTS einingar fær 2 þrep í álag.
- Iðjuþjálfí sem lokið hefur meistaragráðu til viðbótar við starfsréttindi sem iðjuþjálfí sem nýtist í starfi 90 -120 ECTS einingar, fær 4 álagsþrep. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraþrófs.
- Iðjuþjálfí sem lokið hefur doktorsþrófi (180 ECTS einingar) sem nýtist í starfi fær 6 þrep í álag.

Stytttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

5. Tímabundnir þættir

Tímabundnir þættir eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna.

Iðjuþjálfí sem áunnið hefur sér hækkun vegna þátta samkvæmt köflum 4 og 5 ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 álagsþrep færast í næstu launatölu launaflokks fyrir ofan.

6. Starfsmannasamtal

Einu sinni á ári ber yfirmanni að bjóða hverjum iðjuþjálfí í samtali til að ræða starf hans og starfssvið. Tilgangur samtalanna er að ræða frammistöðu, starfsþróun, verkefnastöðu og álag, starfsánægju, samskipti, aðbúnað, starfslýsingu og stjórnun. Starfslýsingar skulu liggja til grundvallar starfsmannasamtali.

7. Samstarfsnefnd og ágreiningsmál

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til samstarfsnefndar og kallað hana til starfa. Telji iðjuþjálfí að honum sé ekki rétt launaraðað getur hann vísað máli sínu til samstarfsnefndar sbr. gr. 11 í kjarasamningi ÍPÍ og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

8. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2025 og fellur þá fyrri stofnanasamningur aðila úr gildi. Enginn iðjuþjálfí skal lækka í launum við gildistöku þessa samnings.

Reykjavík 17. mars 2026

Undirritunarsíða

Þóra Leósdóttir

Ásbjörg Magnúsdóttir

Ketill Berg Magnússon

Arngrímur V Angantýsson

Ingunn Sigurgeirsdóttir

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir